



VERTU VELKOMIN/N

1

Komdu fyrr en seinna

Því fyrr sem þú kemur, því auðveldara er að leysa úr skuldavandanum. Vandinn eykst bara við að takast ekki á við hann. Ekkert vandamál er þó alveg óleysanlegt.

3

Undirbúðu þig

Skrifaðu niður þær spurningar sem þú vilt fá svar við í viðtali. Það dregur úr líkum á að þú gleymir að spyrja um eitthvað mikilvægt.

5

Fáðu upplýsingar

Á heimasíðu umboðsmanns skuldara, www.ums.is, getur þú lesið þér til um helstu leiðir til að aðstoða þig í skuldavanda. Ef það er eitthvað sem þú skilur ekki, skaltu spyrja okkur.

7

Segðu hvað þú vilt

Ef þú hefur einhverjar hugmyndir eða óskir um hverskonar aðstoð þú þarfnast skaltu segja okkur frá þeim. Kannski er ekki hægt að verða við þeim óskum, en við vitum það ekki fyrr en þú segir frá.

9

Tilgreindu nákominn aðila

Umboðsmaður skuldara ber að virða trúnað við þig. Ef þú vilt að einhver þér nákominn megi fá upplýsingar um þín mál hjá embættinu verður þú að láta okkur vita.

2

Vertu ósmeyk/ur

Segðu okkur frá öllum skuldum sem þú manst eftir. Við erum ekki hér til að dæma. Hingað koma einstaklingar sem skulda lágar upphæðir og líka þeir sem skulda hundruð milljóna. Við leggjum okkur fram við að aðstoða alla.

4

Spurðu

Ef eitthvað er óljóst skaltu spyrja. Ef eitthvað er enn óljóst eftir að þú hefur fengið svör skaltu spyrja aftur.

6

Taktu einhvern með

Það getur verið gott að taka einhvern nákominn með þér í viðtal. Það getur dregið úr misskilningi og gagnast þér við að rifja upp hvað sagt var í viðtali.

8

Spurðu um næstu skref

Fáðu að vita hvað gerist næst. Spurðu hvort þú þurfir að hafa samband við kröfuhafa eða aðra aðila. Fáðu að vita hvað við gerum næst og hvað þú þarft að gera.

10

Vertu velkomin aftur

Þú ert alltaf velkomin/n aftur. Ef það er eitthvað sem þú skilur ekki, hafðu þá samband og óskaðu eftir frekari skýringum. Ef þú lendir aftur í greiðsluvanda, þá ertu velkomin/n aftur.